Draumur.

Ritað 11.ágúst 1938. 23.
2 blöð qto.

# Draumur.



Klukkan tæplega 5 í morgun vaknaði ég við það, að mig hafði dreymt draum þann, er ég vil nú lýsa:

Ég þóttist vera einhverstaðar meðal margra manna og styðja mig við húsvegg. Veit ég þá eigi fyrri til en að Magnús Sigurðsson bankastjóri, er mér virtist að hefði staðið að baki mér, án þess að ég vissi um það, víkur sér að mér frá vinstri hlið og segir:

„Ég óska yður til hamingju með...." Áður en hann fær lokið máli sínu, gríp ég fram í fyrir honum og segi: „Með hvað?" En í sama bili hefi ég áttað mig og segi: „Já, ég skil yður og þakka." Virtist mér hann þá eigi þurfa að skýra það fyrir mér, í hvaða tilefni hann væri að óska mér til hamingju: Við skildum báðir samtímis við hvað hann átti, en þó er mér ekki enn ljóst – og heldur ekki þá – hvað það var; en jafnskjótt sem við þóttumst skilja hvor annan, gengur hann skak-leiðis fram fyrir mig, réttir að mér gullhring og dregur hann á hönd mér, á baugfing á hægri hendi, en þar hefi ég engan hring haft í 42 ár, eða síðan ég fleygði trúlofunarhringi mínum af hendi mér á 60-70 faðma dýpi, langt fram í hafi, kl. 10-12, sunnudagskvöldið 7. júní 1896, þá er ég féll útbyrðis af eimbátnum „Ceci" á Eyrarbakka, en var bjargað frá drukknun af „Nils" (svo hét skipið) – Johansen skipstjóra frá Thurö, er steypti sér útbyrðis til að ná í mig, því ég var ákveðinn í því þá, að „fara til botns og ganga í land", er ég sá bát koma blaðskellandi til mín og virtist „ætla að róa ofan á mann sem var að synda" (!) – En sund kunni ég ekki og hefi aldrei lært. —

Þegar Magnús Sigurðsson hafði dregið gullhringinn á hönd mér og litið vandlega eftir því að hann færi vel og væri hvorki of stór né of lítill, þóttist ég verða undrandi, líta á hringinn og vinda hann fyrir mér, hve

Fagur hann var, leit ég til Magnúsar með þakklátum huga og sagði: „Þessu átti ég ekki von á! – Jæja, þér eruð þá svona góður maður, að gefa mér hring, sem ég hefi saknað svo lengi og tapaði fyrir 42 árum. Hvernig á ég að ....?“ – Var Magnús þá horfinn og allir aðrir, er áður voru þar.

Fór ég nú að hugsa út í þetta: Ýmist leit ég á hringinn eða var að hugsa um það, hvernig ég gæti þakkað Magnúsi þennan greiða og ég fann ráðið: Ég ætla að skrifa honum ágætt bréf! – Auglýsa þetta í blöðunum? Nei, það vill Magnús ekki. – Bara skrifa, og hafa bréfið svona:

„Kæri Magnús Sigurðsson!

Ég er blindaugafullur! Ekki af víni, heldur af þakklæti til yðar fyrir ....“ Lengra komst ég ekki með þetta „ágæta“ bréf – og vaknaði!

Mig hefir oft dreymt einkennilega drauma, m. a. þann, sem mig dreymdi nóttina milli 17. og 18. apríl 1915, en það var réttri viku áður en bruninn mikli varð, nóttina milli 24. og 25. s. m. og sem enginn gat ráðið – og sagði ég hann þó á morgnana þessa viku –, fyr en ég sá hann bókstaflega rætast þessa voðalegu nótt, en þó eigi fyrri, en bruninn allur var um garð genginn. Hefi ég skrifað þann draum, eins og hann var og um brunann, því draumurinn sýndi mér fyrirfram og vikufyr hvernig hvert einasta atriði – þ. á m. hin tvö mannslíf hurfu, – þeirra Guðjóns Sigurðssonar og Runólfs Steingrímssonar – endurtók sig í brunanum, og þó gat ég ekki ráðið drauminn fyr en hann rættist.

Hver vill ráða draum minn í nótt, og á hvern veg rætist hann?

Reykjavík, 11. ágúst 1938.

Jón Pálsson